



Reykjavík 12. mars 2020

Kæru nemendur, kæra starfsfólk.

Nú er svo komið að forvarnaraðgerðir gegn útbreiðslu kórónaveirusmits krefjast þess að við breytum starfsháttum okkar um sinn og hættum hefðbundnu starfi í byggingum Listaháskólans þar til fyrirmæli koma um annað. Markmið okkar er eigi að síður að tryggja samfellu í náminu og á meðan þetta ástand varir munum við færa það í nýjan búning með þeim lausnum sem hægt er að nýta á hverri námsbraut fyrir sig.

Áætlanir hafa verið gerðar innan allra deilda til að mæta þessum óvenjulegu aðstæðum, sem þrátt fyrir að krefjast mikils af okkur öllum, eru ekki óvinnandi. Deildarforsetar og/eða fagstjórar munu innan tíðar senda út nánari fyrirmæli til nemenda um hvernig náminu verður háttað.

Vinsamlegast hafið eftirfarandi í huga:

- Á morgun föstudag, halda allir kyrru fyrir heima og bíða frekari fyrirmæla.
- Húsnaði Listaháskólans verður lokað fyrir allri kennslu, þjálfun og verkstæðisvinnu.
- Unnið verður að því að veita þeim sem á þurfa að halda aðgang að gögnum sínum í skólanum með skipulögðum hætti.
- Hvorki starfsmenn né nemendur fara erlendis á vegum skólans að svo komnu máli og þangað til nánari upplýsingar berast.
- Um viðburði á vegum skólans, svo sem tónleika, sýningar, fyrirlestra og annað munu koma nánari fyrirmæli á næstu dögum.
- Vegna þessara aðstæðna falla heimsóknir erlendra aðila til Listaháskólans niður, eða verður frestað, að svo stöddu.

Við gerum ráð fyrir að þótt um umtalsvert rask á námsfyrirkomulagi sé að ræða getum við stutt alla okkar nemendur í gegnum önnina þannig að námsmat og útskrift verði með hefðbundum hætti.

Starfsmenn munu fá nánari fyrirmæli frá sínum yfirmönnum um hvernig þeirra starfi verður háttað á á meðan þetta ástand varir, séu þeir ekki búnir að fá þau nú þegar.

Ég hvet ykkur öll til að fylgjast vel með frekari upplýsingum frá okkur sem munu berast eins fljótt og auðið er.

Ef þið þurfið brýnt á frekari upplýsingum að halda, vinsamlegast leitið til eftirfarandi aðila:

**Nemendur;** Björg Jóna Birgisdóttir, námsstjóri og námsráðgjafi; bjorg@lhi.is, sími 893 6360  
**Starfsmenn;** Haukur Björnsson, framkvæmdastjóri; haukurbjornsson@lhi.is, sími 840 6600, Sóley Björt Guðmundsdóttir, mannaúðsstjóri; soleybjort@lhi.is, sími 898 8786.  
 Þið getið einnig haft samband við undirritaða; frida@lhi.is, sími 896 3005.

Með góðum kveðjum til ykkar allra og þökkum fyrir skilning og samstöðu á þessum óvenjulegu tínum.

*Frida Björk Ingvarsdóttir*  
Fríða Björk Ingvarsdóttir  
rektor.